

Landsyfirrjettardómar 1880.

Mánudaginn 12. janúarmán.

Nr. 29/1879:

Rjettvísín

gegn

Guðmundi Bjarnasyni og
Ingibjörgu Benediktsdóttur.

Dómur :

Með eigin játningu hins ákærða, Guðmundar Bjarnasonar, húsmanns á Litlutungu í Torfastaðahreppi, og öðrum upplýstum atvikum er það löglega sannað, að hann um seinni rjettir 1877 hafi tekið haustlamb, sem var saman við fje hans, en sem hann ekki átti, og markað það undir sitt mark, og síðar um haustið látið lamb þetta upp í skuld til annars manns. Hjer um bil 3 vikum fyrir rjettir árið eptir tók hinn ákærði veturgamla gimbur, er komin var saman við kvíær hans, og mörkuð var með marki annars manns, og skar hana, og fjenýtti sjer afurðir hennar. Kona hins ákærða, hin meðákærða Ingibjörg Benediktsdóttir, hefur borið á móti því, að hún hafi haft nokkra vitneskju um það, að maður hennar afmarkaði lamb það, er áður er um getið, og kemur það heim við framburð manns hennar, en aptur á móti hefur hún játað, að þegar maður hennar var búinn að slátra hinni ófrjálsum veturgömlu gimbur, og hún sá, að mark hans ekki var á henni, hafi hún gengið á hann að fá að vita, hvernig á gimbr-

inni stæði, og hafi hann þá sagt henni hið sanna um, hvernig hann hefði tekið hana, en hún hefði samt sem áður matreitt þessa ófrjálsu kind, þó hefði hún ekki viljað, að börn þeirra hjóna neyttu neins af kindinni, enda hefði hún sjálf neytt mjög lítils af henni. Kindur þessar eru virtar, lambið 4 kr. 50 a. og gimbrin 9 kr., en eigendur þeirra hafa ekki orðið upp spurðir.

Fyrir þessi brot eru hin ákærðu með dómi, uppkveðnum fyrir aukarjetti Húnavatnssýslu 15. júlí f. á., dæmd, Guðmundur í 4 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð og Ingibjörg í 6 daga fangelsi við venjulegt fanga viðurværi, svo eru þau og dæmd til að borga in solidum allan málskostnað, þar á meðal 8 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns síns í hjeraði.

Brot hins ákærða Guðmundar Bjarnasonar er af hjerádsdómaranum rjettilega heimfært undir 250. gr. hegningarlaganna, og brot hinnar ákærðu Ingibjargar Benediktsdóttur undir sömu lagagrein samanborna við 56. gr., og með því að hegningin virðist hæfilega metin eptir nefndum lagaákvörðunum, ber að staðfesta hjerádsdóminn að því er hana snertir, og sömuleiðis að því er snertir málskostnað í hjeraði, eins og hinum ákærðu einnig ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins annað fyrir bæði og bæði fyrir annað, þar á meðal málflytningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Meðferð málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmaet.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur hjerádsrjettarins á óraskaður að standa. Hinum ákærðu, Guðmundi Bjarnasyni og Ingibjörgu Benediktsdóttur, ber öðru fyrir bæði og báðum fyrir annað að greiða allan af áfrýjun

málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal í málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 27/1879:

Jón ritari Jónsson

gegn

Bjarna fátækra stjóra Bjarnasyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp fyrir bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 2. dag októbermánu. 1879, er áfrýjandi þessa máls, Jón ritari Jónsson, dæmdur samkvæmt 219. gr. alm. hegnl. til að greiða 40 kr. sekt í landssjóð og 20 kr. í málskostnað til stefnda, Bjarna fátækra stjóra Bjarnasonar, og eru jafnframt hin við höfðu móðgunarýrði dæmd dauð og marklaus. Hefur áfrýjandi hjer fyrir rjettinum krafizt fyrst og fremst, að hjeradsdómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu aunaðhvort vísað frá bæjarþinginu, eða það hafð, en til vara, að hjeradsdómurinn og allt, sem fram hefur farið í málinu eptir 28. ágúst 1879, verði dæmt ómerkt, málinu vísað heim í hjerað og úrskurði dómarsans frá 28. ágústmánu. 1879 breytt á þann hátt, að krafa hans um vitnaleiðslu í málinu verði tekin til greina; og enn til vara hefur hann krafizt, að hann verði sýknaður af kærnum og kröfum stefnda í málinu. Jafnframt hefur hann krafizt, að stefndi, hvernig sem fer, verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur